



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

ÍSLENSKU MENNTAVERÐLAUNIN

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson veitti Íslensku menntaverðlaunin í Mýrarhúsaskóla á Seltjarnarnesi en þau eru bundin við grunnskólastarfið og eru veitt í fjórum flokkum:

Í flokki skóla sem sinnt hafa vel nýsköpun eða farsælu samhengi í fræðslustarfi hlaut verðlaunin **Lækjarskóli í Hafnarfirði**.

Í umsögn dómnefndar segir m.a.: Skólastarfið í Lækjarskóla á sér langa og farsæla sögu sem hefur mótast í samræmi við aðstæður á hverjum tíma. Starfsemi skólans einkennist af metnaði og samvinnu þar sem nemendur eru í brennidepli. Nám við skólann er í stöðugri þróun og beinist að því að koma til móts við þarfir sem flestra og þjóna Hafnfirðingum sem best.

Í flokki kennara sem skilað hafa merku ævistarfi eða á annan hátt skarað framúr hlaut verðlaunin **Ragnheiður Hermansdóttir kennari í Háteigsskóla, áður Æfinga- og tilraunaskóla Kennaraháskóla Íslands**.

Í umsögn dómnefndar segir m.a.: Ragnheiður miðlaði um árabíl kennaranemum af reynslu sinni og hæfni og einnig hefur hún veitt starfandi kennurum víðsvegar um land hlutdeild í list sinni og galdri sem hún býr yfir sem kennari.

Í flokki ungra kennara sem í upphafi kennsluferils hafa sýnt hæfileika og lagt alúð við starf sitt hlaut verðlaunin **Linda Heiðarsdóttir kennari í Laugalækjarskóla í Reykjavík**.

Í umsögn dómnefndar segir m.a.: Linda hefur mikinn metnað fyrir hönd skólans og hefur verið drifkraftur í innra starfi hans. Þrátt fyrir ungan aldur hefur hún áunnið sér traust þeirra sem hún vinnur með og aðrir kennarar sækjast eftir að vinna með henni. Hún hikar heldur ekki við að tjá stjórnendum skólans skoðanir sínar – ávallt með faglegan metnað að leiðarljósti.

Í flokki höfunda námsefnis sem stuðlað hafa að nýjungum í skólastarfi hlaut verðlaunin **Iðunn Steinsdóttir rithöfundur.**

Í umsögn dómnefndar segir m.a.:Að mati dómnefndar eru bækur Iðunnar námsefni sem á lifandi og nýstárlegan hátt færir nýrri kynslóð íslenskra barna arf sem lifað hefur með þjóðinni um aldir og vekur áhuga þeirra á eigin uppruna og menningarheimi.

Tvær dómnefndir hafa starfað í aðdraganda verðlaunaveitingarinnar. Í þeirri dómnefnd sem fjallaði um tilnefningar í fyrsta og fjórða flokki, þ.e. skóla og námsefni, sátu:

- Ellert Borgar Þorvaldsson, skólastjóri Ártúnsskóla
- Svafa Grönfeldt, fv. rektor Háskólans í Reykjavík
- Börkur Hansen, prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands
- Finnur Friðriksson, lektor við Háskólann á Akureyri
- Svanfríður Jónasdóttir, bæjarstjóri Dalvíkur.

Í dómnefnd sem fjallaði um tilnefningar í öðrum og þriðja flokki, þ.e. kennara, sátu:

- Hafrún Dóra Júlíusdóttir, fv. formaður skólanefndar Hafnarfjarðar
- Ragnar Z. Guðjónsson, sparisjóðsstjóri
- Ólafur H. Jóhannsson, lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands
- Valgeir Gestsson, fv. skólastjóri
- Ragna Ólafsdóttir, fv. skólastjóri.

Greinagerðir dómnefndanna má finna í heild sinni á heimasíðu forseta, forseti.is.

8. júní 2010